


# Fjölbrautaskólinn við Ármúla



Kennslu- og áfangamat á haustönn 2022

## Inngangur


Samkvæmt lögum um framhaldsskóla nr. 92 frá árinu 2008 er skólum gert að framkvæma innra mat á skólastarfinu með kerfisbundnum hætti. Kennslu- og áfangamatið er hluti þess starfs hér í FÁ og í gæðamarkmiðum skólans er miðað við að það sé lagt fyrir á hverri önn. Sú hefð hefur komist á að um þriðjungur áfanganna er tekinn út í einu þannig að það eru í mesta lagi þrjár annir milli þess sem hver áfangi er metinn. Nýir áfangar og kennarar eru einnig teknir með þegar um slíkt er að ræða.

Kennslu- og áfangamat á haustönn 2022 var framkvæmt í dagskólanum dagana 15. – 25. nóvember. Að þessu sinni voru óvenju margir áfangar teknir út þar sem margir nýjir áfangar voru kenndir á haustönn og nokkrir nýir kennarar komnir til starfa. Alls voru þetta 57 áfangar og kennarar voru alls 24.

BÓKF2TB05	HAGF2AÞ05	LIME2LS05	SÁLF2UM05
DANS1GR05	HBFR1HH05	LÍFS1ÉG03	SÁLF3ÞS05
DANS1UN05	HEIM2IH05	LÍOL2IL05	SIÐF2SF05
DANS2RM05	HJÚK3FG05	LÍOL2IL05s	SIÐF2SF05s
ENSK1BY05	HJÚK3LO03	LÍOL2SS05	SJÚK2MS05
ENSK1GR05	HJÚK3ÖH05	LÖGF2LÖ05	SKRÁ2TT05
ENSK1UN05	HJVG1VG05	MARÉ2MR05	TAMS3TT05
ENSK2EH05	HJVG1VG05e	MYNL1MG05	TARE3TT02
ENSK2LO05	ÍSLE2MR05	NÝSK2HH05	TÖHÖ2LH05
ENSK2OB05	ÍÞRF2ÞJ05	RTGF2GR03	TÖLE2SE05
ENSK3RO05	ÍÞRG2KN03	SAGA1MF05	UMHV2SJ05
ENSK3SA05	ÍÞRG2KÖ03	SAGA3KM05	UPPL1AM05
FÉLA2KE05	ÍÞRÓ1GH03	SAGA3MM05	
FÉLV1IF05	LAND1AM05	SÁLF1SD05	
FHTA2GÞ04	LEIK1GR05	SÁLF2AA05	

Nemendur í úrtakinu voru 1709 sem er allmiklu meiri fjöldi en á liðnum önnum. Svörun að þessu sinni var 42,1%, sem er örlítið minna en verið hefur nokkrar síðustu annir og nokkuð frá markmiðinu sem sett var en stefnt var að því að ná 50% svörun.

Hér fyrir neðan má sjá hvernig þátttaka í kennslumati hefur verið síðan 2017 og eins og myndin sýnir er þetta svipað milli anna og því miður er nokkuð síðan að 50% markinu var náð síðast.




## Niðurstöður


Hér á eftir fer myndræn framsetning á niðurstöðum einstakra spurninga þegar áfangarnir eru teknir sem ein heild. Aðeins eru teknir með þeir sem taka afstöðu en nokkrir þátttakendur (1-5%) kusu að sleppa að svara einstökum spurningum. Í *viðauka 1* er að finna lista með öllum spurningunum.

Kennarar þeirra áfanga sem metnir voru hafa fengið aðgang að eigin niðurstöðum og geta borið þær saman við þessar heildarniðurstöður. Myndritin sjálf sýna eingöngu hlutfallstölur en töflurnar vinstra megin sýna hve margir svöruðu hverri spurningu.

Mjög sammála	391
Frekar sammála	255
Frekar ósammála	51
Mjög ósammála	13
Á ekki við/veit ekki	5
Alls	715




Mjög sammála	391
Frekar sammála	269
Frekar ósammála	35
Mjög ósammála	13
Á ekki við/veit ekki	8
	716




Mjög sammála	391
Frekar sammála	226
Frekar ósammála	64
Mjög ósammála	26
Á ekki við/veit ekki	7
Alls	714




Mjög sammála	322
Frekar sammála	293
Frekar ósammála	64
Mjög ósammála	17
Á ekki við/veit ekki	21
Alls	717




Mjög sammála	473
Frekar sammála	223
Frekar ósammála	42
Mjög ósammála	14
Á ekki við/veit ekki	4
Alls	756




Mjög sammála	351
Frekar sammála	212
Frekar ósammála	69
Mjög ósammála	23
Á ekki við/veit ekki	60
Alls	715



Mjög sammála	389
Frekar sammála	251
Frekar ósammála	68
Mjög ósammála	29
Á ekki við/veit ekki	20
Alls	757




Mjög sammála	421
Frekar sammála	213
Frekar ósammála	49
Mjög ósammála	10
Á ekki við/veit ekki	19
Alls	712






Mjög sammála	505
Frekar sammála	199
Frekar ósammála	31
Mjög ósammála	11
Á ekki við/veit ekki	12
Alls	758



Mjög sammála	386
Frekar sammála	192
Frekar ósammála	59
Mjög ósammála	58
Á ekki við/veit ekki	21
Alls	716



## Flokkun spurninga

Þegar myndritin eru skoðuð er ljóst að nemendur eru almennt mjög jákvæðir og að óánægja virðist ekki teljandi. Til að skoða samanburð við síðustu annir fer hér á eftir samantekt þar sem spurningum er skipt í þrjá flokka og meðaeinkunn reiknuð fyrir hverja spurningu. Einkunnagjöf er þannig háttað að fullyrðing fær fjögur stig ef nemandi er mjög sammála, þrjú stig ef hann er frekar sammála, tvö stig eru gefin ef nemandi segist frekar ósammála og loks fæst eitt stig ef nemandi segist mjög ósammála viðkomandi fullyrðingu.

Eyður í töflunum sem hér fara á eftir eru vegna þess að kennslumat á tímum heimsfaraldurs (Covid) var með öðrum hætti, nokkrum spurningum var sleppt og öðrum bætt við. Vorönn 2020 var kennslu- og áfangamati sleppt með öllu og því vantar þá önn í töflurnar.

Leggðu mat á áfangann	V 19	H 19	H 20	V 21	H 21	V 22	H22
Aðstaða til náms í áfanganum og kennslubúnaður er góður.	3,6	3,5	3,5	-	3,4	3,4	3,5
Áfanginn er vel skipulagður	3,4	3,4	3,3	3,5	3,3	3,3	3,4
Ég er ánægð/ur með námsgögn áfangans	3,3	3,3	3,3	3,5	3,2	3,4	3,4
<b>Meðaltal</b>	3,4	3,4	3,4	3,5	3,3	3,4	3,4

Þessi fyrsti flokkur snýr að áfanganum sjálfum og uppbyggingu hans. Þar eru þrjár fullyrðingar og eins og sjá má í síðasta dálki töflunnar hér að ofan hljóta þær allar sömu eða hærri meðaleinkunn en fengust síðustu tvær annir.

Leggðu mat á kennsluna í áfanganum	V 19	H 19	H 20	V 21	H 21	V 22	H22
Ég er ánægð/ur með viðmót kennarans gagnvart mér	3,6	3,6	3,6	3,6	3,6	3,5	3,6
Útskýringar og fyrirmæli kennarans eru skýr	3,5	3,4	3,5	3,5	3,4	3,4	3,5
Kennari setur reglulega tilkynningar, kennsluefni og leiðbeiningar inn á kennsluumhverfi áfangans.	3,4	3,5	-	-	3,4	3,3	3,5
Ég fæ skilaverkefni og próf til baka með leiðbeinandi og uppbyggjandi athugasemdum	3,5	3,4	3,3	3,4	3,4	3,3	3,4
Fjölbreyttar aðferðir eru notaðar í kennslunni	3,3	3,2	-	-	3,2	3,2	3,4
<b>Meðaltal</b>	3,5	3,4	3,5	3,5	3,4	3,3	3,5

Næsti flokkur snýr að kennslunni í áfanganum og framgöngu kennara. Hér eru allar meðaleinkunnir hærri en síðast sem er ánægjulegt og sérstaklega er gott að sjá að sjá að mikill meirihluti nemenda er ánægður með viðmót kennaranna í sinn garð. Fátt skiptir meiru fyrir farsælt skólastarf.




Leggðu mat á nám þitt í áfanganum	V 19	H 19	H 20	V 21	H 21	V 22	H 22
Ég mæti vel undirbúin í kennslustundir áfangans	3,6	3,5	3,5	-	3,4	3,1	3,3
Ég tel að námið í áfanganum muni gagnast mér í framtíðinni, í frekara námi, starfi eða einkalífi.	3,3	3,3	3,3	3,5	3,0	3,2	3,3
<b>Meðaltal</b>	3,5	3,4	3,4	3,5	3,2	3,2	3,3

Priðji og síðasti flokkurinn snýr að nemandanum sjálfum. Þar eru reiknaðar tvær einkunnir: Nemendur taka afstöðu til fullyrðingar um að þeir mæti vel undirbúin í kennslustundir. Hér hækkar meðaleinkunn og því eru það nokkru fleiri sem eru sammála þeirri fullyrðingu en áður. Hið sama á við um fullyrðingu sem snýr að gagnsemi námsins. Fleiri eru sammála henni en áður og vonandi að sú þróun haldi áfram; bæði að áfangar haldi áfram að vera gott veganesti fyrir líf og störf og að nemendur skynji það og skilji.

Þegar einkunnagjöf fyrir þessa þrjá flokka er skoðuð er ekki hægt annað en að vera ánægður með þróunina og vonandi er þetta merki um að skólasamfélagið sé að verða búið að ná vopnum sínum eftir Covid faraldurinn.


### Kennaraeinkunn og þróun síðustu anna

Í lok kennslumatsins voru nemendur beðnir um að gefa kennara sínum einkunn á skalanum 1 – 10.



Taflan sýnir hverig nemendur gáfu einkunnir og ljóst að þeir telja kennara sína eiga skilið góðar einkunnir því meðaleinkunn var 8,57 og miðgildið í dreifingunni var 9.

Næsta tafla sýnir síðan samanburð einkunna milli anna. Hér má sjá að síðustu tvær annir voru sambærilegar núverandi önn en meðaleinkunn er þó ögn hærri núna. Hún er þó ekki sambærileg við vorönn 2022 sem sker sig úr varðandi fjölda þeirra sem fengu hæstu einkunn.



Einkunnagjöf sem þessi er auðvitað ekkert sérlega áreiðanleg þar sem enginn rökstuðningur þarf að fylgja en er þó vísbending um að nemendur kunna vel að meta kennarana sína og vilja koma því til skila.

### Raddir nemenda

Nemendur fengu sem fyrr möguleika á að segja sína skoðun í tveimur opnum spurningum. Sú fyrri var: *Hvað finnst þér best við áfangann?* Svörin voru mjög lík, fjölluðu um gott skipulag, skemmtilegt námsefni og síðast en ekki síst frábært viðmót kennara. Hér eru dæmi sem sýna þetta vel:

- „Kennarinn okkar er frábær og hefur góða nánd við nemendur. Áfanginn og umræðuefnin skemmtileg.
- Verkefnin skemmtileg, skýr og fjölbreytt“.
- Það besta er „kennarinn og maður vill ekki fjarvista í timanum því þeir eru actually ahugaverðir“.

Þetta síðasta dæmi sýnir fjölbreyttan bakrunn nemenda sem margir eru að fóta sig í nýju tungumálaumhverfi.

Hin opna spurningin var: *Hvað finnst þér að þyrfi að laga í áfanganum?* Hér voru svörin aðeins fjölbreyttari. Sum snúast um námsbækur og skipulag:

- *„Bækurnar sem við lesum eru ekki mjög skemmtilegar. Það gæti samt bara verið eitthvað sem ég er ósáttur með“*
- *„Mér finnst að það ætti að tilkynna verkefnaskil og próf með meiri fyrirvara“.*

Önnur svör fjalla um kennsluhætti:

- *„Fjölbreytari kennsluaðferðir. Mjög þreytandi að horfa á glærur allan tímann“*
- *„Væri skemmtilegt að fá fleiri hópaverkefni“.*

Loks eru nokkrir sem eru búnir að fá nóg af agaleysi og símanotkun samnemenda sinna:

- *„Finnst mjög leiðinlegt að nemendur hanga mikið í símanum og aðrir kjafta sín á milli. Kennarinn reynir að sýna fólki virðingu og biður fólk um að leggja símann frá sér eða hætta blaðri en svo byrjar allt aftur á nokkrum mínútum“*
- *„Stöðug truflun af nemendum að tala yfir kennarann í tíma truflar þá sem eru að reyna læra og hægir á tímanum sem kemur niður á öllum“*
- *„Það að einhverjir nemendur eru ekki með á nótunum (gera ekki heimavinnu, mæta illa, fylgjast ekki með í tíma) ætti að mínu mati ekki að bitna á öðrum nemendum sem að vinna vel í tímum og standa sig vel í áfanganum“.*

Kennararnir hafa fengið að sjá opin svör sinna nemenda sinna og geta tekið mið af þeim þegar þeir skipuleggja kennsluna og einnig leitað eftir aðstoð ef það á við.

## Lokaorð

Öllum skólum er skylt að framkvæma reglulega innra mat á störfum sínum. Kennslu- og áfangamatið er hluti þessa og er eins og fyrr segir framkvæmt á hverri önn. Ávinningur þess er mikill og margþættur fyrir skólafarfið:

- Kennarar fá mat nemenda á áfanganum sem og eigin frammistöðu. Það hvetur þá til að staldra við, halda áfram því sem vel er gert og bæta það sem þarf að bæta.
- Nemendur fá vettvang til að ígrunda áfangana sína og koma athugasemdum á framfæri. Ef vel tekst til með úrbætur fá þeir staðfestingu þess að á þá sé hlustað og að þeirra álit skipti máli.
- Skólastjórnendur fá að heyra skoðun nemenda á áföngum, kennurum, kennslugögnum og öðru. Það gerir þeim kleift að styðja við góða hluti og grípa inn með stuðningi og ráðgjöf þar sem þess er þörf.
- Ávinningur er fyrir allt skólasamfélagið að safna gögnum sem þessum og nýta þær upplýsingar til úrbóta. Samanburður á milli anna og ára er alltaf gagnlegur og getur varpað ljósi á hluti sem blasa ekki endileg við í daglegu starfi.

Niðurstöður kennslu- og áfangamats á hverri önn eru birtar á heimasíðu skólans þar sem einnig er hægt er að skoða niðurstöður fyrri ára. Sjá: <https://www.fa.is/skolinn/utgefid-efni/skyrslur-stefnur-og-aaetlanir/sjalfsmat/kennslumat-dagskolans/>

Reykjavík í desember 2022

Jóna Guðmundsdóttir

gæðastjóri